

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Egilsstaðir, 11. 05. 2003

Efni: Drög að Náttúruverndaráætlun

Hjlagt eru athugasemdir Skógræktar ríkisins. Undirritaður er aðalhöfundur athugasemdanna en Aðalsteinn Sigurgeirsson rannsóknastjóri og Jón Loftsson skógræktarstjóri yfirfóru og betrubættu.

Ein tillaga er um breytingu á svæði (skóglendi í Fnjóskadal), sem ég tel vera skynsamlega frá náttúruverndarsjónarmiði.

Þá er lagt til fyrir þau svæði sem Skógrækt ríkisins hefur þegar umsjón með að ekki verið stefnt að friðlýsingu skv. náttúruverndarlögum heldur friðun skv. markmiðum skógræktarlaga látin nægja auk þess sem gerð yrði verndaráætlun. Verndaráætlun hugsa ég þannig að í henni væru reglur um meðferð lands, umgengni, aðgengi o.þ.h. svípað og gerist samfara friðlýsingu. Þá yrði ráðherra (landbúnaðar- eða umhverfis- eða báðir) fenginn til að undirrita áætlunina til að gefa henni meira vægi. Ég geri mér grein fyrir því að fyrir þessu er ekki lagastöð og því er verndaráætlun veikari vernd en friðlýsing skv. náttúruverndarlögum. Ég sé þetta hins vegar sem einu raunhæfu lausnina fyrir sum svæði, þar sem ýmsir aðilar, þ.á m. Skógrækt ríkisins, munu ekki samþykkja að friðlýsa svæði skv. náttúruverndarlögum.

Undirritaður er fús til að mæta á fund með höfundum náttúruverndaráætlunar og skýra þetta nánar sé þess óskað.

Virðingarfyllst

Pröstur Eysteinnsson
Þróunarstjóri
Skógrækt ríkisins

Athugasemdir Skógræktar ríkisins við Náttúruverndaráætlun.

Almennt

Í áætluninni er fjallað um minjavernd, verndun sögustaða o.þ.h. Hvað hefur þetta með náttúruvernd að gera? Hér er verið að rugla saman verndun á a.m.k. tvenns konar fyrirbærum, sem njóta verndar á mjög mismunandi forsendum. Eðlilegra væri að Fornleifavernd ríkisins gerði sérstaka áætlun um minjavernd í stað þess að fjalla um slíkt með allsendis ófullnægjandi hætti í Náttúruverndaráætlun.

Víða í drögunum kemur fram að röskun eða ógn stafi af framandi plöntutegundum, án þess að því er virðist að lagt hafi verið mat á hvort viðkomandi tegundir geti talist ágengar undir ríkjandi kringumstæðum á svæðinu eða hvort tilvist þeirra hafi neikvæð áhrif á svæðinu miðað við forsendur verndar. Bent er á að aðeins lítill hluti framandi plöntutegunda getur talist ágengur og það aðeins þar sem aðstæður leyfa. T.d. er lúpína ekki ágeng í skógi þar sem hún er ekki skuggþolin. Lagt er til að það verði metið í hverju tilviki sérstaklega hvort raunveruleg ógn stafi af framandi plöntutegundum í stað þess að telja það reglu út frá einhverjum óljósum fræðilegum möguleika. Væri það einnig í meira samræmi við hefðir alþjóðasamfélagsins í notkun hugtaka á sviði náttúruverndar, þar sem aðeins er talað um að heilsteypum vistkerfum stafi ógn af ágengum, framandi lífverum (e. *alien invasive species*), en ekki innfluttum tegundum (e. *introduced species*) almennt. Þótt innfluttar trjátegundir kunni að geta sáð sér út í raskað land erlendis sem hérlendis, eru þær annars staðar ekki fyrir þá sök eina taldar til ágengra tegunda.

Bls. 4 Hugmyndafræði Náttúruverndar

Legg til að setningarbrotið „- mannkyn hefur hreinlega ekki efni á að glata erfðaupplýsingum lifandi náttúru.“ falli niður.

Rök:

Þetta er greinilega rangt. Íslendingar hafa glatað 50% gróðurlendis, 70% mýra og 95% skóglendis og við lifum góðu lífi, hátt velferðarstig og fjórða hæsta lánshæfismat í heimi, skv. Moody's. Mannkynið hefur greinilega efni á því. Það eru aðrar lífverur sem fara illa út úr samskiptunum.

Eftirfarandi mgr. verði bætt við milli 1. og 2. mgr.

Ekki verður hoft framhjá þeirri staðreynd að frá landnámi hafa Íslendingar eytt um 95% af því skóglendi sem hér var, misst sökum jarðvegsrofs um helming af því gróðurlendi þar sem áður var samfelldur gróður og raskað um 70% votlendis með framræslu. M.ö.o. landnýting mannsins hefur haft gífurleg áhrif á lífríki Íslands. Þetta þýðir að búsvæði sem hafa orðið fyrir tiltölulega lítilli röskun eða eru í því sem næst upprunalegu horfi eru sjaldgæf of því mjög verðmæt frá náttúruverndarsjónarmiði. Þetta þýðir einnig að endurheimt slíkra búsvæða hlýtur að vera a.m.k. jafn þýðingarmikil og verndun þeirra leifa sem eftir eru.

Rök:

Fyrir utan að orðið „uppbygging“ kemur fyrir á einum stað horfir þessi kafli framhjá þessum staðreyndum sem blasa hvarvetna við og eru helstu einkenni hinnar „manngerðu“ íslenskrar náttúru í dag; skógleysi, gróðursnautt land,

eyðimerkumyndun af völdum manna og húsdýra hans, og framræsluskurðir. Náttúruvernd á Íslandi þýðir ekki það sama og náttúruvernd í regnskógum Brasilíu. Þar dugar að viðhalda óbreyttu ástandi til að forðast eyðileggingu. Hér hefur eyðileggingin þegar átt sér stað. Verndun á óbreyttu ástandi getur því ekki verið meginmarkmið náttúruverndar á Íslandi. Verndun á óbreyttu ástandi, verndun niðurlægingarinnar, er reyndar andhverfa náttúruverndar.

Bls. 5 Friðlýsingar og náttúruminjaskrá 2. mgr.

Í stað setningarinnar „Árið 1928 var fyrsta landsvæðið, Þingvellir, friðað með lögum.“ komi „Árið 1905 var fyrsta landsvæðið, Hallormsstaðaskógur, friðað með lögum.“

Rök:

Alþingi samþykkti 1899 lög um kaup á Hallormsstaðaskógi til friðunar. Markmiðið var verndun „einasta kjarrskógar, sem hefur varðveist allsæmilega“. Þetta var því fyrsta friðun lands með lögum í náttúruverndarskyni. Reyndar voru nokkur önnur svæði einnig friðuð skv. skógræktarlögum á undan Þingvöllum, þ.á m. Vaglaskógur, Vatnaskógur, Þórsmörk og Ásbyrgi.

Bls. 12 Hugmyndafræði og verklag 1. mgr.

Setningarbrotið „- mannkyn hefur hreinlega ekki efni á að glata erfðaupplýsingum lifandi náttúru.“ falli niður. Sömu rök og áður.

Bls. 13 Hugmyndafræði og stefnumótun 4. mgr.

Lokasetningin í málgreininni: „Þetta felur m.a. í sér að koma þarf í veg fyrir eða takmarka verulega útbreiðslu ágengra tegunda sem ekki eru hluti af upprunalegu lífríki.“ falli niður.

Rök:

Þessi setning er einskonar niðurstaða málgreinarinnar og er lögð fram sem rökrétt framhald af setningu um ábyrgð þjóðríkja á að vernda sérstaklega „náttúrulegt lífríki viðkomandi lands“. Sambandið er þó ekki rökrétt nema „náttúrulegu lífríki“ stafi sérstök hættu af ágengum innfluttum tegundum. Hver er sú hættu saman borið við t.d. röskun búsvæða af völdum jarðvegsrofs, landbúnaðarframleiðslu eða hnattrænna loftslagsbreytinga?

Það væri hægt fyrir Skógrækt ríkisins að setta sig við þessa setningu ef hún næði jafnt yfir allar ágengar innfluttar tegundir, t.d. sauðkindina sem raskar þúsund sinnum stærra svæði en lúpínan og öll innflutt tré til samans. En þessum áróðri er ekki beint gegn „íslensku“ sauðkindinni, henni er beint gegn skógrækt og landgræðslu og án nokkurra fræðilegra raka. Enginn hefur sýnt fram á að nokkur einasta lífverutegund né nokkurt einasta búsvæði séu í hættu vegna landgræðslu og skógræktar með innfluttum plöntutegundum á Íslandi.

Þegar Fuglaverndarfélag Íslands kærði skógrækt til Bernarsamningsins var niðurstaðan sú að ekki væri ástæða til að óttast áhrif skógræktar á fuglastofna að svo stöddu og að Íslendingar þyrftu að vinna heimavinnuna sína við að skilgreina mikilvæg búsvæði. Náttúruverndaráætlun er hluti þeirrar heimavinnu. Það er þó

óeðlilegt að gefa sér það fyrirfram, eins og hér er gert, að allar innfluttar lífverutegundir, einkum tré og niturbindandi jurtir, séu í eðli sínu ágengar og hættulegar og hljóti því að vera sérstakt vandamál sem taka þurfi á.

Bls. 13 Hugmyndafræði og stefnumótun, 5. mgr.

Legg til að eftirfarandi verði bætt við upptalningu á alþjóðlega viðurkenndum stöðlum og verndarviðmiðum: “MCPFE – Ráðherrafundir um verndun skóga í Evrópu”.

Rök:

Hér er um ferli að ræða sem Íslendingar hafa tekið þátt í frá upphafi og undirritað samþykktir um verndun og sjálfbæra nýtingu skóga á ráðherrafundum í Strassbourg 1990, Helsinki 1993, Lissabon 1998 og Vínarborg 2003. Nánari upplýsingar um þetta ferli er að finna á vefsíðunni <http://www.minconf-forests.net/>.

Bls. 24 3.4.1 Gróðurriki 2. mgr.

Í stað setningarinnar „Það má því segja að berangur sé eitt af sérkennum íslenskrar náttúru.“ komi „Það má því segja að manngerður berangur sé eitt af sérkennum íslenskrar náttúru.“

Rök:

Þessi breyting gerir setninguna rökrétta í framhaldi af umfjöllun um gróðurrymun frá landnámi.

Bls. 25 3.4.2 Dýraríki 1. mgr.

Hér eru talin upp 6 villt landspendýr en í 4. töflu á bls. 24 eru þau sögð 9. Hver eru hin 3?

Bls. 29 4.2 Staða landslagsverndar á Íslandi 2. mgr.

Í stað setningarinnar „Stórfelld ræktun nytjaskóga mun sömuleiðis umbylta landslagi stórra svæða á láglandi“ komi „Aukin skógrækt mun sömuleiðis breyta landslagi víða á láglandi.“

Rök:

Setningin gefur afar villandi og neikvætt gildishlaðna mynd af fyrirsjáanlegum breytingum af völdum skógræktar eins og hún er lögð fram. Nytjaskógrækt í fyrirsjáanlegri framtíð getur vart talist „stórfelld“, þar sem hún mun hugsanlega aðeins ná að þekja 2% af láglandi Íslands í það heila. Þetta er t.d. mun minna en núverandi þekja birkiskóglendis (3% af láglandi), sem er viðurkennt í þessum drögum að sé mjög lítil útbreiðsla. Skógrækt er stunduð víða en ekki á stórum svæðum, meðalflatarmál skógræktarsvæða er um 60 ha og nær öll skógræktarsvæði eru umkringd mun stærra skóglausu svæði. Skógrækt mun varla „umbylta“ landslagi, því séð úr fjarlægð breytir skógur aðeins lit og áferð lands. Auk þess er það ekki aðeins nytjaskógrækt sem breytir landslagi, öll skógrækt gerir það. Friðun lands gegn sauðfjárbreit getur einnig leitt til sjálfgræðslu skóga og breytinga á ásýnd landslags. Telst friðun þá „umbylting“ sem beri að sporna gegn í nafni náttúru- og landslagsverndar?

Einnig verður að leiðrétta þann miskilning að „skóglaut land“ sé í einhverri útrýmingarhættu á heimsvísu, og að ferðamannastraumur til Íslands í framtíðinni standi og falli með því að takist að varðveita „órofna ásýnd skógleysis“ sem víðast á láglendi Íslands. Í þessu samhengi skal bent á að skv. gögnum Matvæla- og landbúnaðarstofnunar S.P. (FAO) er þrisvar sinnum stærra flatarmáli skóga varanlega eytt á hverju ári en sem nemur flatarmáli nýræktaðra skóga.

Vissulega þarf að taka tillit til landslagsverndar þegar verið er að skipuleggja skógrækt, enda er þess gætt við skipulag skógræktar að láta nýræktaða skóga falla vel línunum í landslagi.

Bls. 29 4.2 Staða landslagsverndar á Íslandi

Legg til að eftirfarandi mgr. verði bætt við í lok kaflans:

Ekki eru allir þættir í íslensku landslagi þess eðlis að þeir eigi eindregið að njóta verndar. Skógleysi og jarðvegsrof, sem einkenna landslag á stórum svæðum eru fyrst og fremst afleiðingar ósjálfbærrar landnýtingar. Af mörgum er talið æskilegt að auka útbreiðslu birkiskóglendis og endurheimta þannig stærra hluta af lykilvistgerð sem áður var ríkjandi á stórum svæðum en hefur að mestu glatast. Það mundi þýða að beitarlandslag breyttist í skóglendi. Landslagsþættir sem tengjast jarðvegsrofi, s.s. rofabörð, áfoksgeirar og jarðsil í brekkum, eiga sömuleiðis ekki að njóta verndar, né heldur framræsluskurðir. Í þessum tilvikum felst náttúruvernd í breytingu á landslagi en ekki í verndun á óbreyttri ásýnd.

Rök:

Í kaflann vantaði viðurkenningu á því að núverandi ásýnd lands sé í mörgum tilvikum afleiðing ósjálfbærrar nýtingar en ekki „náttúrulegt ástand“.

Bls. 34 5 Friðlýsingar náttúru-minja á Íslandi 2. mgr.

Í stað setningarinnar „Árið 1928 var fyrsta landsvæðið, Þingvellir, friðað með lögum.“ komi „Árið 1905 var fyrsta landsvæðið, Hallormsstaðaskógur, friðað með lögum.“

Rök:

Alþingi samþykkti 1899 lög um kaup á Hallormsstaðaskógi til friðunar. Markmiðið var verndun „einasta kjarrskógar, sem hefur varðveist allsæmilega“. Þetta var því fyrsta friðun lands með lögum í náttúruverndarskyni. Reyndar voru nokkur önnur svæði einnig friðuð skv. skógræktarlögum á undan Þingvöllum, þ.á m. Vaglaskógur, Vatnaskógur, Þórsmörk og Ásbyrgi.

Bls. 35 5.1.2 Framvinda og staða friðlýsinga á Íslandi 1. mgr.

Önnur setning málsgreinarinnar verði: „Friðun landsvæða á sér um 100 ára sögu eða frá því að Hallormsstaðaskógur var verndaður með sérlögum árið 1905.“

Rök:

Enn þarf að leiðrétta þessa sögufölsun um Þingvelli.

Priðja setning málgreinarinnar verði: “ Nú nýtur 91 svæði friðlýsingar (6. tafla/5. mynd).”

Rök:

Sagt er að 91 svæði njóti „friðunar af einhverju tagi“. Hér eru ekki talin með svæði friðuð samkvæmt markmiðum skógræktarlaga eða landgræðslulaga, sem hlýtur að teljast friðun „af einhverju tagi“

Bls. 43 neðst

Legg til að nýjum undirkafla verði bætt við:

5.2.7. Friðun skv. skógræktarlögum

Fyrstu almennu lög sem leiddu til þess að þjóðin eignaðist lönd til friðunar voru Lög um skógrækt og varnir gegn uppblæstri lands frá 1907. Á grundvelli þeirra eignaðist ríkið allmörg svæði í þeim tilgangi að vernda leifar birkiskóga og seinna skóglaus svæði til skógræktar. Segja má að þetta hafi verið náttúruverndarlög þess tíma og á þeim má sjá hverjar upphaflegu áherslur voru í náttúruvernd á Íslandi. Meðal þeirra skóga sem friðaðir voru snemma á öldinni eru þekktustu skógar landsins. t.d. Hallormsstaðaskógur, Vaglaskógur og Þórsmörk. Þessi svæði, sem þjóðin á og Skógrækt ríkisins hefur umsjón með, eru um 40 talsins og þekur friðaður skógur innan þeirra um 8000 ha, lang mest náttúrulegur birkiskógur. Þessir skógar kallast einu nafni Þjóðskógar.

Rök:

Ef náttúruverndaráætlun á að standa undir nafni verður hún á ná til allrar náttúruverndar en ekki bara halda sig við náttúruverndarlög. Miðað við hektaratölu er helsta hlutverk Skógræktar ríkisins að vernda náttúrulega birkiskóga. Eðlilegt væri að einnig komi kafla um friðun lands á grundvelli landgræðslulaga en ég læt Landgræðslu ríkisins um að koma með hann.

Bls. 50 6.2 Náttúruvernd og aðrir landnýtingarflokkar 1. mgr.

Í stað setningarinnar „Með náttúruvernd er landsvæði tekið frá og verndað, t.d. vegna fegurðar eða sögu sem það býr yfir, landslags eða lífríkis.“ komi „Með náttúruvernd eru settar reglur um nýtingu sem stuðla að verndun þeirra náttúruverndarþátta sem vernda á, t.d. landslagsfegurð, jarðfræðilegar minjar og/eða lífríki.“

Rök:

Land er aldrei „tekið frá“ þegar það er verndað. Það er í öllum tilvikum leyfð einhver önnur landnotkun: víða á verndarsvæðum er sauðfjárbætur ekki útilokuð, einhverjar byggingar, vegir o.þ.h. eru leyfðir og útivistarnytjar eru leyfðar nær allsstaðar. Jafn vel Surtsey er ekki vernduð fyrir vísindamönnum. Hið rétta er að settar eru reglur.

Bls. 52 6.3 Ósnortin víðerni

Á eftir málgreininni sem byrjar „Á kortinu má sjá...“ komi ný mgr.:

Nýting lands til landbúnaðarframleiðslu rýrir einnig gildi svæða eigi þau að standa undir nafni sem ósnortin víðerni. Á þetta sérstaklega við þar sem saman fer mikil sauðfjár- eða hrossabeit og jarðvegsrof.

Rök:

Í skilgreininguni á ósnortnum víðernum kemur fram að náttúran eigi að fá „að þróast án álags vegna mannlegra umsvifa“. Sumarbeit sauðfjár (og hrossa á NV-landi) er mjög víða helsta álag af mannavöldum í óbyggðum. Kindur eru ekki síður sýnilegar í landslaginu en vegir og raflínur og fyrir sum okkar jafn vel meira truflandi.

Bls. 54 5.4 Landbúnaður og landgræðsla

Tölusetning liðarins á væntanlega að vera 6.5 en ekki 5.4 (ath. einnig aðrar tölusetningar)

Setningin „Úttekt Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Landgræðslunnar sem birt var árið 1997 sýnir að mikið land (jarðvegur) hefur tapast og víða eru rofvandamál til staðar.“ mætti betur endurspeglar niðurstöður þær sem fram koma í umræddri skýrslu. Í stað þess virðist reynt sé að draga fjöður yfir alvarleika vandamálsins sem við er að glíma. Þar ætti því fremur að standa: „Úttekt Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Landgræðslunnar sem birt var árið 1997 sýnir að stærstur hluti upprunalegs gróðurlendis hefur tapast eða rýrnað mjög að gæðum, með þeim afleiðingum að rofvandamál eru til staðar á 2/3 hluta landsins (á 84 % lands utan jökla, fjalla, áa og vatna).

Síðustu tvær setningar 1. mgr. falli niður, eða frá og með „Breytingar á neysluvenjum...“ og í staðinn komi: „Þrátt fyrir breytingar á neysluvenjum Íslendinga hefur samdráttur í sauðfjárrækt sem var á árunum 1975-1990 ekki haldið áfram og sauðfjástofninn haldist nær óbreyttur í svipaðri stærð og hann var á öndverðri 20.öld. Beitarstýring hefur eingöngu átt sér stað með því að einstök svæði hafa verið friðuð fyrir beit og enginn almenn hreyfing er í þá átt að stýra sauðfjárrækt inn á þá landshluta sem best þola beit. Þá hefur hrossum fjölgað gífurlega á undanförunum 30 árum með tilheyrandi auknu beitarálagi. Ekkert bendir til að tenging beingreiðslna við ástand bújarða muni ganga og því langt í land með að beitarnytjar verði sjálfbærar í fyrirsjáanlegri framtíð.“

Rök:

Bjartsýnisraus eins og það sem fram kemur í setningunum sem lagt er til að falli niður á sér því miður ekki stoð í raunveruleikanum. Tónninn í þessum kafla er annars furðulegur. Annars vegar er reynt gera meira úr gróðurþekju með því að benda á að mosapembur séu ekki með í tölunni um vel gróið land og hins vegar er ekkert nema bjart framundan í gróðurnýtingu. Kaflinn byrjar að vísu vel þar sem fram kemur að landbúnaður eigi „að geta verið í mestri sátt við umhverfi sitt“ (sem þýðir að hann er það ekki í dag). Síðan kemur þessi merkilega setning “Gróðureyðing og uppblástur hefur haft mikil áhrif á íslenskan landbúnað og náttúruferi í landinu”. Ekkert um að orsakir gróðureyðingarinnar voru ósjálfbær landbúnaður, þ.e. skógareyðing og ofbeit.

Ef lagt er saman það flatarmál lands þar sem skýrsluhöfundar RaLa og L.r. hafa metið „nokkurt“ rof (36.698 km²), talsvert rof (23.106 km²), mikið rof (11.322 km²), og mjög mikið rof (6.375 km²) og deilt er í þá summu með heildarflatarmáli Íslands

(102.721 km²), fæst sú niðurstaða að „nokkurt“ til „mjög mikið“ rof eigi sér stað á 67,5% af flatarmáli landsins. Ef aðeins er tekinn í nefnarann það flatarmál lands sem ekki er þakið fjallendi, jöklum, vötnum, ám eða „ókortlagt“ fæst hins vegar talan 84,3%. Með þessi gögn í farteskinu ætti höfundum Náttúruverndaráætlunar að vera óhætt að taka ögn dýpra í árinna en að segja að „víða“ sé rof.

Bls. 55

Legg til að á milli kaflanna um „Landbúnað og landgræðslu“ og „Votlendi og landbúnaður“ komi nýr kafli „Landbúnaður og beitarnytjar“.

Landbúnaður og beitarnytjar

Engin nýting hefur jafn mikil áhrif á gróðurfar landsins og beit, einkum sumar- og haustbeit sauðfjár og vetrarheit hrossa á þeim svæðum þar sem þau ganga laus. Sauðfjárfjöldi í landinu er um 474.000 (2002) og hefur verið nær óbreyttur síðan 1992. Hins vegar hefur neysla kindakjöts minnkað um tæp 30% á þeim tíma. Hross eru um 74.000 á landinu og hefur þeim fækkað lítillega frá hámarkinu (80.000) sem náð var 1996 en eru ennþá fleiri en þau voru allt fram til 1991.

Ljóst er að offramleiðsla er bæði í sauðfjárrækt og hrossarækt og því er talsverður hluti beitarálagsins á íslensk gróðurlendi tilgangslaus. Markmið í þessum búgreinum hlýtur að vera að stærð bústofns samsvari markaðspörfinni jafnframt því að ekki sé stunduð ofbeit, þ.e. að sauðfjár- og hrossarækt verði sjálfbærar búgreinar.

Í Sauðfjársamningi eru ákvæði um að tengja beingreiðslur við landgæði á bújörðum. Hvatt er til þess að þeim verði fylgt eftir og þróuð áfram. Í hrossarækt er þarft að taka upp markvissa ræktunarstefnu og banna alla lausagöngu. Í báðum greinum er eðlilegt að svo stöddu að draga úr framleiðslu.

Rök:

Ef fjalla á um landnýtingu í náttúruverndaráætlun, sem er eðlilegt, þá hlýtur að vera eðlilegt að fjalla um þá landnýtingu sem hefur hvað víðtækust áhrif – beit búfjár. Það er furðulegt að „skógrækt sem landbúnaður“ sem fara mun fram á 2% landsins verðskuldi heilan kafla og talsverðar ábendingar um að fara varlega á meðan „sauðfjárrækt sem landbúnaður“ sem áhrif hefur á gróðurfar 75% landsins og er stunduð á gjörsamlega ósjálfbæran hátt með framandi lífveru sem sannanlega hefur bakað íslensku lífríki óafturkræft tjón er varla nefnd á nafn. Áhrif hrossabeitar eru hvergi nefnd. Náttúruverndaráætlun á e.t.v. umfram allt annað að stuðla að sjálfbærri landnýtingu. Hvernig nær hún því markmiði ef umfjöllun um ósjálfbæran hefðbundinn landbúnað er sleppt?

Bls. 56 6.6 Skógrækt og landbúnaður 1. mgr.

Í stað orðanna „planta trjám“ í fyrstu setningu komi „stofna til skóga“.

Rök:

Það stendur ekki til að planta trjám í 5% af láglendi. Í áætlunum um landshlutabundin skógræktarverkefni er gert ráð fyrir að stór hluti skóggræðslunnar eigi sér stað með aukinni útbreiðslu birkis með sjálfsáningu á svæðum sem verða friðuð fyrir beit.

Bls. 57 6.6 Skógrækt og landbúnaður 2. mgr.

Orðin „eða landbót“ og „og endurheimta töpuð landgæði“ verði felld út úr fyrstu setningu.

Rök:

Þótt rétt sé að skógrækt á grónu landi sé ekki það sem kallað hefur verið uppgræðsla þá geta talsverðar landbætur engu að síður falist í henni, t.d. aukin fjárhagsleg verðmæti saman borið við nýtingu sama lands til kindakjötsframleiðslu; aukin kolefnisbinding og þar með minni nettó-losun gróðurhúsalofttegunda; bætt jarðvegsvernd, minni húshitunarkostnaður, o.s.frv. í skjóli skógar. Þá er í nær öllum tilvikum verið að rækta skóg á landi sem var áður skógi vaxið og því er í raun verið að endurheimta töpuð landgæði, e.t.v. ekki nákvæmlega sama vistkerfið en marga þætti þess þó, t.d. jarðvegsvernd, skjólmyndun, bætt vatnsmiðlun o.m.fl.

Bls. 57 6.6 Skógrækt og landbúnaður 4. mgr.

Í stað setningarinnar „Sérstakt tillit á að taka til friðlýstra svæða og tryggja þarf að öll landbótaskógrækt, þar sem verið er að endurheimta gróður eða náttúruleg vistkerfi sé framkvæmd með innlendum tegundum, t.d. birki og víðitegundum.“ komi „Sérstakt tillit á að taka til friðlýstra svæða og leggja ber áherslu á endurheimt upprunalegra vistkerfa með notkun innlendra tegunda, t.d. birki og víðitegundir þar sem henta þykir.“

Rök:

Setningin er villandi eins og hún er því markmið allrar landbótaskógræktar er ekki endurheimt birkiskóga. Samkvæmt lögum um landshlutabundin skógræktarverkefni merkir landbótaskógrækt „að breyta rýrlendi í skóg“ sem er sömu merkingar og „*land rehabilitation*“. Það orð merkir í ensku endurhæfing rofins og gróðursnauðs lands með gróðursetningu trjáa, í því augnamiði að nýta landbóta- og landverndarmátt trjátegunda; og þá hvers konar trjátegunda sem þrífist geta á rofnu og gróðursnauðu landi – ekki bara þeirra sem voru hér fyrir landnám.

Markmiðum eins og jarðvegsvernd, vatnsmiðlun, skjólmyndun, útivist, og bættum beitarnytjum má allt eins (og stundum betur og með minni tilkostnaði) ná með innfluttum trjátegundum. Það er aðeins ef markmiðið er vistheimt sem nota á eingöngu innlendar tegundir. Hins vegar er eðlilegt að í náttúruverndaráætlun sé lögð áhersla á að ná vistheimtarmarkmiðum.

Bls. 67 8.1 Verndaraðgerðir

Fyrsta setning verði: „Fyrir flest svæði sem fjallað er um leggur Umhverfisstofnun til...“ Síðan komi ný setning: „Fyrir svæði sem þegar eru í umsjón ríkisstofnana eða annarra lögaðila sem hafa með höndum verndun þeirra leggur Umhverfisstofnun til að

gerðar verði verndaráætlanir til að ná þeim markmiðum sem ella væri náð með friðlýsingu.“

Rök:

Erfitt verður að ná fram friðlýsingu á öllum svæðum. Þar sem ríkisstofnun eða annar lögaðili hefur þegar umsjón með viðkomandi svæði er hægt að ná fram verndarmarkmiðum á annan hátt, þ.e. með verndaráætlun. Það eykur um leið ábyrgð umsjónaraðilans og gerir hann virkan í náttúruvernd, sem hlýtur að vera af hinu góða.

Bls. 69 12. Tafla – Upplýsingar um svæði

Þar standi: Verndartillaga, þ.e. sá friðlýsingarflokkur sem lagður er til eða verndaráætlun.

Rök:

Þetta er í samræmi við tillögu hér að ofan (bls. 67).

Bls. 72 14. tafla

Í línunni um Vatnshornsskóg standi „verndaráætlun“ í stað „búsvæði“ í verndartillögudálknum

Rök

Sjá umfjöllun um þetta atriði, bls. 67

Í stað „Stafholtstungugirðing“ komi „Ystutungugirðing“ og í verndartillögudálknum standi „verndaráætlun“ í stað „búsvæði“ sbr. umfjöllun á bls. 67.

Rök:

Girðingin er kennd við Ystutungu. Undirritaður notaði nafnið „Stafholtstungugirðing“, en það voru mistök. Leiðréttist þetta hér með.

Bls. 75 17. tafla

Í stað „Háls-, Vagla-, Lunds- og Þórðarskógur“ komi „Mela- og Skuggabjargarskógur, Háls- og Vaglaskógur og Þórðarstaðaskógur“ og í verndartillögudálknum standi „verndaráætlun“ í stað „búsvæði“ sbr. umfjöllun á bls. 67.

Rök:

Hér er um tillögu að breytingu á svæðismörkum að ræða. Í stað samfellds svæðis sem er að vísu ekki samfelldur skógur og í dreifðri eign komi þrjú skóglendi, sem liggja að vísu ekki saman en eru hvert fyrir sig heilsteypt skóglendi og öll í eigu ríkisins og umsjá Skógræktar ríkisins. Svæðið sem lagt er til að falli niður er skógur á jörðunum Lundi og Mörk (sem gleymdist að geta í upphaflegu tillögunni) sem liggja milli Vaglaskógar og Þórðarstaðaskógar. Skógur á þessum jörðum hefur ekkert umfram Vaglaskóg eða Þórðarstaðaskóg hvað varðar erfðafræðilegt mikilvægi birkisins eða lífríkið að öðru leyti. Auk þess er talsverð sumarbústaðabyggð í Lundsskógi, sem flækir málin.

Svæðið sem lagt er til að komi í staðinn er Mela- og Skuggabjargarskógur í dalsmynni Fnjóskadals vestan Fnjóskár. Þessi skógur er ekki síður hávaxinn en hinir og hefur það framyfir hina skógana að ekkert hefur verið gróðursett af innfluttum trjátegundum innan um birkið. Hann er ekki aðgengilegur fyrir almenning, enda liggur þangað aðeins jeppavegur. Hins vegar blasir hann skemmtilega við handan ár þegar ekið er um Dalsmynni.

Bls. 76. 17. tafla

Í línunni um Hallormsstaðaskóg og Ranaskóg standi „verndaráætlun“ í stað „fólkvangur“ í verndartillögudálknum

Rök

Sjá umfjöllun um þetta atriði, bls. 67

Viðauki II Náttúruminjar á Vesturlandi - Vatnshornsskógur.

Stærð: Skógurinn er ca. 1 km²

Verndartillaga verði: Verndaráætlun

Rök:

Svæðið er í eigu og umsjón Skógræktar ríkisins, sem ætlar sér ekki annað þar en að vernda birkiskóginn í sem næst upprunalegri mynd og e.t.v. bæta aðengi almennings. Svæðið er þegar verndað skv. markmiðum skógræktarlaga og friðlýsing skv. náttúruverndarlögum því óþörf.

Undir „Núverandi landnotkun“

Verndun birkiskógar

Undir „Röskun, ógnir, úrbætur“

Ásókn í sumarbústaðalönd. Jörðin Vatnshorn var keypt til að bjarga skóginum frá því að vera skipt upp í sumarbústaðalóðir.

Viðauki II Náttúruminjar á Vesturlandi - Húsafellsskógur.

Undir Röskun, ógnir, úrbætur

Legg til að minna verði gert úr þeirri ógn sem stafar af erlendum trjátegundum en þess í stað mætti nefna álag vegna mikils fjölda ferðamanna (t.d. traðk).

Rök:

Ekki eru áform um að ryðja birkiskógi burt til að gróðursetja erlendar trjátegundir á svæðinu og ekki virðast erlendar trjátegundir sem rutt gætu birkinu úr vegi með tímanum vera að sá sér inn í birkiskóginn. Fólk hefur vissulega tilhneigingu til að gróðursetja ýmislegt í kringum sumarbústaði sína, en það er þá varla meiri röskun en sumarbústaðirnir sjálfir. Vissulega er fræðilegur möguleiki á að erlendar trjátegundir sái sér að einhverju marki inn í birkiskóg einhvern tíma í framtíðinni, en það hefur ekki gerst hingað til svo nokkru nemi og ekkert bendir til þess að það sé að verða neitt vandamál. Það er ótímabært að setja íþyngjandi reglur (t.d. um hverju megi eða megi

ekki planta í sumarbústaðalóðir) til að taka á fræðilegu vandamáli (það mættu þá kannski vera fræðilegar reglur).

Fræðilega séð getur traðk af völdum mikils fólksfjölda á álagspunktum haft slæmar afleiðingar fyrir lífríkið og í Húsafelli er oft mikil mannmergð.

Viðauki II Náttúruminjar á Vesturlandi - Stafholtstungugirling.

Nafninu verði breytt í “Ystutungugirðing”

Rök:

Ystutungugirðing er hið rétta nafn.

Verndartilaga verði „Verndaráætlun“ í stað búsvæðis

Rök:

Um er að ræða fjölbreytt og skemmtilegt landslag sem hefur þó tæplega sérstakt gildi sem búsvæði umfram önnur svæði sem kunna að vera friðuð fyrir beit. Allt land innan girðingarinnar þarf ekki að lúta sömu markmiðum. Þar er t.d. þorp með 500 íbúum (Bifröst), allstórar sumarbústaðabyggðir auk sumarbústaða á víð og dreif, hefðbundinn landbúnaður og skógræktarsvæði. Engin sérstök ástæða er til að þess konar landnýting geti ekki verið áfram á hluta svæðisins. Langstærstur hluti svæðisins er hins vegar land með kjarraleifum sem er friðuð fyrir beit, þar sem gróðurframvinda mun leiða til aukinnar útbreiðslu kjarrsins verði það áfram friðuð. Ósennilegt er að samstaða náist meðal landeigenda um að fá svæðið friðlýst. Með verndaráætlun er hægt að móta almenna stefnu um verndun sem stuðlar að þeim meginmarkmiðum að birkikjarr breiðist út og svæðið nýtist til útivistar.

Undir „Röskun, ógnir, úrbætur“ falli núverandi texti niður og í staðinn komi:

Aukin ásókn í sumarbústaðalönd. Skipuleggja þarf sumarhúsabyggð svo hún skerði ekki útivistarmöguleika almennings. Skógrækt með innfluttum trjátegundum verði takmörkuð á ákveðnum svæðum. Forsenda framvindu birkikjarrsins er að svæðið verði áfram friðuð fyrir beit.

Rök:

Reynsla okkar hjá Skógrækt ríkisins er sú að sumarhús hamla för fólks um land meira en flest annað. Á þetta t.d. við að Jafnaskarði við Hreðavatn. Fyrir utan ræktun við sumarbústaði hefur skógrækt með innfluttum trjátegundum einkum farið fram á 3 svæðum innan girðingarinnar sem samtals ná yfir mjög lítinn hluta svæðisins. Ekki eru áform um stækkun þessara svæða og reynslan segir okkur að birkið mun breiðast út hraðar en innfluttu tegundirnar, ef þær þá breiðast nokkuð út (sjá umfjöllun um Húsafellsskóg). Ekki verður séð að þörf sé á að fjarlægja framandi tegundir. Hins vegar er sjálfsagt að marka um það stefnu að skógrækt með framandi tegundum verði takmörkuð við ákveðin svæði.

Undir forsendum fyrir verndun, Plöntur falli setningin “Framandi trjátegundum hefur hefur verið plantað í skóginn.” niður.

Rök:

Það að skógrækt með framandi trjátegundum sé stunduð á litlum hluta svæðisins dregur ekki úr verndargildi þess nema e.t.v. í hugum alhörðustu þurista. Það dregur ekki úr möguleikum birkisins á að breiðast út og það dregur ekki úr fegurð eða útivistargildi svæðisins í hugum flestra. Þessi skógræktarsvæði eru hvorki forsendur fyrir verndargildi svæðisins í heild né hindrun í vegi fyrir því að svæðið njóti verndar. Svæðið hefur verndargildi þrátt fyrir skógræktarreiði, sumarhúsabyggð, hrossabeitarhólf og viðskiptaháskóla.

Viðauki II Náttúruminjar á Vesturlandi - Hafnarskógur.

Undir Röskun, ógnir úrbætur. Í stað setninginarinnar „Koma þarf í veg fyrir notkun framandi plöntutegunda og friða þarf svæðið fyrir beit.“ komi „Friða þarf svæðið fyrir beit.“

Rök:

Engin áform eru um að planta framandi tegundum í Hafnarskóg og því vart hægt að telja það sem ógnun. Ógnunin er hins vegar að birkið nái ekki að endurnýja sig vegna beitar.

Viðauki II Náttúruminjar á Norðurlandi vestra – Fagrahlíð í Austurdal.

Undir Röskun, ógnir, úrbætur falli niður „erlendar trjátegundir og lúpína“ og „Fjarlægja lúpínu áður en hún verður vandamál.“

Rök:

Fyrir nokkrum árum hafa einhverjir fíkað við að gróðursetja nokkur tré af erlendum uppruna og einhver hefur komið lúpínu fyrir í rofsvæði í brekkunni. Í sjálfu sér mætti fjarlægja þessar plöntur en það er ekki nauðsynlegt frá verndarsjónarmiði. Verndargildi birkisins í Fögruhlíð er einkum út frá líffræðilegri fjölbreytni, þ.e. verndun erfðafjölbreytni íslensks birkis. Til að ná því verndarmarkmiði þarf aðeins að tryggja að birkið geti endurnýjað sig. Ólíklegt er að greni og lerki sem þarna voru gróðursett trufla birkið og lúpínan gæti jafn vel stuðlað að aukinni útbreiðslu birkisins þegar til lengri tíma er litið.

Fram kemur að þarna séu óvenjumargar fléttutegundir og undirritaður eini skráði heimildamaðurinn. Ekki minnst ég þess að hafa sagt frá óvenjufjölbreyttri fléttuflóru, enda hef ég engar heimildir fyrir því.

Viðauki II Náttúruminjar á Norðurlandi eystra – Háls-, Vagla-, Lunds- og Þórðarstaðaskógur.

Í stað „Háls-, Vagla-, Lunds- og Þórðarskógur“ komi „Mela- og Skuggabjargarskógur, Háls- og Vaglaskógur og Þórðarstaðaskógur“ og verndartillaga verði „verndaráætlun“ í stað „búsvæði“ sbr. umfjöllun á bls. 67.

Rök:

Hér er um tillögu að breytingu á svæðismörkum að ræða. Í stað samfellds svæðis sem er að vísu ekki samfelldur skógur og í dreifðri eign komi þrjú skóglendi, sem liggja að vísu ekki saman en eru hvert fyrir sig heilsteypt skóglendi og öll í eigu ríkisins og

umsjá Skógræktar ríkisins. Svæðið sem lagt er til að falli niður er skógur á jörðunum Lundi og Mörk (sem gleymdist að geta í upphaflegu tillögunni) sem liggja milli Vaglaskógar og Þórðarstaðaskógar. Skógur á þessum jörðum hefur ekkert umfram Vaglaskóg eða Þórðarstaðaskóg hvað varðar erfðafræðilegt mikilvægi birkisins eða lífríkið að örðu leyti. Auk þess er talsverð sumarbústaðabyggð í Lundsskógi, sem flækir málin.

Svæðið sem lagt er til að komi í staðinn er Mela- og Skuggabjargarskógur í dalsmynni Fnjóskadals vestan Fnjóskár. Þessi skógur er ekki síður hávaxinn en hinir og hefur það framyfir hina skógana að ekkert hefur verið gróðursett af innfluttum trjategundum innan um birkið. Hann er ekki aðgengilegur fyrir almenning, enda liggur þangað aðeins jeppavegur. Hins vegar blasir hann skemmtilega við handan ár þegar ekið er um Dalsmynni.

Öll þessi svæði eru í eigu og umsjá Skógræktar ríkisins og vernduð skv. skógræktarlögum. Það er því óþarfa tvíverknaður að friðlýsa þessi svæði skv. náttúruverndarlögum einnig. Hins vegar er eðlilegt að gerð verði verndaráætlun fyrir þessi svæði sem tekur á meðferð og verndun birkiskóganna, afmarkar svæði fyrir innfluttar tegundir og tryggir aðgengi almennings til útivistar.

Viðauki II Náttúruminjar á Austurlandi – Egilsstaðaskógur

Eins og mörk svæðisins eru dregin á kortinu ætti svæðið að heita „Egilsstaða- og Miðhúsaskógur“.

Rök:

Skóglendi austan Eyvindarár heitir Miðhúsaskógur.

Viðauki II Náttúruminjar á Austurlandi – Eyjólfsstaðaskógur

Eins og mörk svæðisins eru dregin á kortinu er Eyjólfsstaðaskógur ekki réttnefni. Skóglendi þessi tilheyrir nokkrum jörðum og eru yfirleitt kenndir við jarðirnar. E.t.v. mætti svæðið heita Úlfsstaðaskógur – Höfðaskógur. Skógarnir eru að mestu í einkaeign en hluti Eyjólfsstaðaskógar er í eigu Skógræktarfélags Austurlands og Höfðaskógur er í eigu Skógræktar ríkisins.

Í Höfðaskógi er fundarstaður blæspar og í þessum skógum er að finna óvenjulega vaxinn gulvíði – einstofna og með breiða krónu. Þeir eru því mikilvægir út frá verndun erfðafræðilegrar fjölbreytni þessara tegunda.

Verndartillaga verði „Verndaráætlun“ en ekki „Búsvæði“

Rök

Svæðið er í eigu allmargra aðila og landnýting er margskonar. Á svæðinu er sauðfjárrækt, kúabúskapur, hrossarækt, sumarhúsabyggðir, skógrækt með innfluttum trjategundum og vernd náttúruskógar. Ólíklegt að samstaða náist um friðlýsingu.

Viðauki II Náttúruminjar á Austurlandi – Hallormastaðaskógur - Ranaskógur

Verndartillaga verði „Verndaráætlun“ en ekki „Búsvæði“

Rök:

Svæðið er að mestu í eigu og umsjá Skógræktar ríkisins og verndað skv. skógræktarlögum. Það er því óþarfa tvíverknaður að friðlýsa svæðið skv. náttúruverndarlögum einnig. Hins vegar er eðlilegt að gerð verði verndaráætlun fyrir svæðið sem tekur á meðferð og verndun birkiskóganna, afmarkar svæði fyrir innfluttar tegundir og tryggir aðgengi almennings til útivistar.

Undir Núverandi landnotkun komi:

Skógvernd, skógrækt, rannsóknir, útivist.

Undir Athugasemdir komi:

Hallormsstaðaskógur var fyrsta landsvæðið sem íslenska ríkið eignaðist til náttúruverndar.

F.h. Skógræktar ríkisins

Jón Loftsson
Skógræktarstjóri

Pröstur Eysteinnsson
Próunarstjóri

Aðalsteinn Sigurgeirsson
Rannsóknastjóri

